

Byggðamálaráð

Fundargerð 8. fundar byggðamálaráðs Fjarfundur haldinn 2. apríl 2020 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Áhrif Covid-19 faraldursins
2. Endurskoðun byggðaáætlunar – verkefnaáætlun
3. Samhæfing stefna og áætlana samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis
4. Framkvæmd byggðaáætlunar
5. Stuðningur við atvinnu- og byggðapróun
6. Önnur mál
 - a. Lög nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur

Mættir: Ágúst Bjarni Garðarsson formaður, Aðalsteinn Þorsteinsson, Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Karl Björnsson, Hermann Sæmundsson og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Formaður óskaði eftir að bókað yrði í fundargerð að frá síðasta fundi byggðamálaráðs hafi ráðið átt tvo fundi. Annars vegar var ráðinu boðið á kynningarfund 17. febrúar þar sem fulltrúar Byggðastofnunar kynntu framgang við vinnu við þjónustukortið og hins vegar var fundur þann 18. febrúar með stjórnendum nýrrar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhrif Covid-19 faraldursins

Rætt var um þau áhrif sem Covid-19 faraldurinn hefur á byggðamálin. Sigtryggur fór yfir aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sérstaklega fjárfestingarátakið sem kynnt var í lok mars og Karl fór yfir það sem sambandið og sveitarfélögin hafa verið að gera. Umræður.

2. Endurskoðun byggðaáætlunar – verkefnaáætlun

Ráðið hafði fengið send drög að verkefnaáætlun fyrir endurskoðun byggðaáætlunar. Drögin voru rædd og ákveðið að vinna út frá þeim. Umræður um næstu skref. Ákveðið var að stefna að samráðsfundi 11. júní n.k., en þann dag eru tvö ár liðin frá samþykkt byggðaáætlunar. Á þann fund væri m.a. boðið fulltrúum landshlutasamtaka sveitarfélaga og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, þar sem farið yrði yfir hvar hefði tekist vel til og hvað mætti betur fara.

3. Samhæfing stefna og áætlana samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis

Ráðið hafði fengið sent kynningarrit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um samhæfingu stefna og áætlana ráðuneytisins sem gefið var út í mars. Ráðsmenn lýstu ánægju með ritið og verður það haft að leiðarljósi við endurskoðun byggðaáætlunar.

4. Framkvæmd byggðaáætlunar

Framkvæmd byggðaáætlunar er fastur liður á dagskrá byggðamálaráðs. Verkefnisstjóri fór yfir greiðslustöðu aðgerða, en almennt hefur gengið vel að hrinda verkefnum í framkvæmd. Rætt var um hvort tengja mætti aðgerðir byggðaáætlunar við aðgerðir í tengslum við fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar, til dæmis varðandi að ljósleiðaraverkefnið. Rætt var um aðgerð B.6 Frádráttur vegna aksturs til og frá vinnu, sem er eina aðgerðin sem ekki er hafin. Verkefnamarkmiðið skv. byggðaáætlun er að auðvelda fólki utan höfuðborgarsvæðisins að sækja vinnu frá heimili. Ráðsmenn eru sammála um

Byggðamálaráð

að ástæða sé til að skoða útfærslu á verkefninu og þrengja þannig að ekki sé verið að hvetja til óþarfa notkunar á einkabílum. Verkefnisstjóra falið að ræða við tengilið aðgerðarinnar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sem fer með ábyrgð á aðgerðinni. Einnig var rætt um aðgerð B.7 Störf án staðsetningar, sem að mati ráðsins hefur gengið of hægt að hrinda í framkvæmd.

5. Stuðningur við atvinnu- og byggðaðróun

Í desember 2010 sendi Ríkisendurskoðun skýrslu til Alþingis um stuðning við atvinnu- og byggðaðróun. Þar komu fram nokkrar athugasemdir og ábendingar um það sem betur mætti fara í þessum málaflokki, sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið brást við á sínum tíma. Þrátt fyrir að mikið hafi breyst í umhverfi atvinnu- og byggðaðróunar frá því að skýrslan var unnin getur hún verið gagnleg fyrir byggðamálaráð, ekki hvað síst í ljósi þess að vinna við endurskoðun byggðaaáætlunar er framundan.

6. Önnur mál

a. Lög nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur

Karl Björnsson hafði með tölvupósti þann 6. mars sl. vakið athygli formanns og verkefnisstjóra á óformlegu erindi bæjarstjóra Grundafjarðarbæjar til sambandsins þar sem bent var á að þjónusta sveitarfélaga var skert með lögheimilislögunum, nr. 80/2018. Þar var gerð var sú breyting að við tilkynningu flutnings til Íslands skal sá sem flytur koma í afgreiðslu í Þjóðskrár Íslands eða á skrifstofu viðkomandi lögregluembættis, en áður höfðu sveitarfélögin séð um þessa þjónustu. Bent var á að breytingin hefur mikið óhagræði í för með sér í þeim tilvikum sem um langa leið er að fara. Verkefnastjóri greindi frá því að skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála muni taka málið upp við fjarskiptaskrifstofu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.40.